

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 9. mars 2015  
UST201503-056/B.S.

### Efni: Borun hola SVA-25 og SVA-26 við Svartsengi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er staðsett vestan Grindavíkurveggar syðst á iðnaðarsvæði jarðhitavirkjunar HS Orku hf. í Svartsengi.


Til að bora umræddar holur verða núverandi borplön við holur SVA-11 og SVA-18 stækkuð um 4.200 m<sup>2</sup> hvort plan. Aðkoma að plönunum verður um núverandi vegslóða og ef af nýtingu holanna verður mun ekki þurfa að leggja nýjar lagnir að holunum. Við gerð borplana er áætlað að rask á eldhrauni verði 0,25 ha.


Borsvarf og leðja sem falla til við borunina verður safnað og þessum efnum ekið á förgunarstað. Lögð verður áhersla á að við förgun jarðhitavökva myndist ekki pollar á yfirborði og að grunnvatn mengist ekki.

Hér er um að ræða framkvæmd við jaðar iðnaðarlóðar. Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað að verulegu leyti. Við borunina verður þess gætt að ekki myndist pollar á yfirborði og ef ekki verður af nýtingu holanna munu plön verða fjarlægð og gegnið frá yfirborði lands þannig að það falli sem best að öröskuðu landi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Agúsdóttir  
Sviðsstjóri